

2009:6 • 8. júní 2009

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2009

Quarterly national accounts, 1st quarter 2009

Samantekt

Landsframleiðsla er talin hafa dregist saman um 3,6% að raungildi frá 4. ársfjórðungi 2008 til 1. ársfjórðungs 2009. Á sama tíma drógust þjóðarútgjöld saman um 3,3%. Einkaneysla jókst um 1,7% en fjárfesting dróst saman um 31,3% og samneysla um 2,2%. Þá er talið að útflutningur hafi dregist saman um 1,9% en innflutningur aukist um 7,8%. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxtinn milli ársfjórðunga, ekki ára. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður er landsframleiðslan talin hafa dregist saman um 3,9% á 1. ársfjórðungi 2009.

Tafla 1. Yfirlit
Table 1. Overview

| | Verðlag ársins, millj. kr. <i>Current prices, million ISK</i> | Magn- breyting, % <i>Volume change, %</i> | Magnbreyting frá fyrra ársfj., % ¹ <i>Volume change from previous quarter, %¹</i> | |
|---|---|---|---|--|
| | 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1. ársfj. <i>1st quarter</i> |
| Einkaneysla <i>Private final consumption</i> | 184.924 | -22,1 | -15,0 | 1,7 |
| Samneysla <i>Government final consumption</i> | 96.169 | 0,6 | 2,4 | -2,2 |
| Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i> | 50.069 | -52,4 | -13,6 | -31,3 |
| Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i> | 7.173 | 2,4 | ... | ... |
| Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i> | 338.335 | -22,1 | -14,0 | -3,3 |
| Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i> | 156.302 | 10,9 | 1,5 | -1,9 |
| Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i> | -145.887 | -34,2 | -32,9 | 7,8 |
| Verg landsframleiðsla GDP | 348.750 | -3,9 | -0,9 | -3,6 |


¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



Mynd 1. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 1. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2007–2009. Change from the previous quarter.

Lítill aukning einkaneyslu

Einkaneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa aukist um 1,7% frá 4. ársfjórðungi 2008 til 1. ársfjórðungs í ár. Þessi aukning kemur í kjölfarið á met samdrætti sem varð á 4. ársfjórðungi 2008, -15%. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst einkaneysla saman um 22,1% sem er litlu minna en nam samdrættinum á milli 4. ársfjórðungs 2008 og 2007, 23,8%.

Fjárfesting dróst verulega saman

Fjárfesting (árstíðaleiðrétt) hélt áfram að dragast saman og er hún talin hafa minnkað um 31,3% á 1. ársfjórðungi 2009 frá 4. ársfjórðungi 2008. Samdráttur var í öllum undirlíðum fjárfestingar í ársfjórðungnum. Árstíðaleiðréttar tölur sýna að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 25,7%, fjárfesting atvinnuveganna um 35,5% og fjárfesting hins opinbera um 25,1%, miðað við breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga. Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 52,4% samdrátt fjárfestingar á 1. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið áður.

Samdráttur þjóðarútgjalda

Samneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 2,2% frá 4. ársfjórðungi 2008 til 1. ársfjórðungs 2009. Óárstíðaleiðréttar tölur í fjórðungnum sýna 0,6% vöxt frá sama fjórðungi árið áður. Samdráttur í samneyslu og fjárfestingu veldur því að þjóðarútgjöld (árstíðaleiðrétt) eru talin hafa dregist saman um 3,3% á 1. ársfjórðungi miðað við 4. ársfjórðung 2009.

Útflutningur dregst saman en innflutningur eykst

Vöruútflutningur dróst saman um 8,4% frá 4. ársfjórðungi 2008 til 1. ársfjórðungs 2009 en útflutningur á þjónustu jókst um 14,9%. Í heildina dróst útflutningur (árstíðaleiðréttur) saman um 1,9% á 1. ársfjórðungi 2009 frá 4. ársfjórðungi 2008. Innflutningur á vöru dróst saman um 2,8% en innflutningur á þjónustu jókst um 28,6% á 1. fjórðungi ársins frá 4. ársfjórðungi 2008. Í heild jókst innflutningur um 7,8% á fjórðungnum.


Ný gögn um þjónustuviðskipti við útlönd

Tölur um þjónustuviðskipti við útlönd eru nú í fyrsta skipti reist á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi þess að Hagstofa Íslands tæki við gagnasöfnun um þjónustuviðskipti við útlönd af Seðlabankanum. Í upphafi var að því stefnt að gagnasöfnunin, sem nú byggir á beinum fyrirspurnum til fyrirtækja, yrði um einhvern tíma framkvæmd samhliða gagnasöfnun Seðlabankans, sem að mestu byggði á upplýsingum um gjaldeyrisvið-

skipti fyrirtækja sem fram fara í gegnum íslenska banka. Breytingar á gjaldeyrismarkaði í kjölfar efnahagskransins haustið 2008 hafa leitt til erfiðleika Seðlabankans við mat á þjónustuviðskiptunum og því var gripið til þess ráðs að Hagstofan tæki yfir gagnasöfnunina og birti niðurstöður um þjónustuviðskipti við útlönd fyrr en áður var áætlað. Þar sem ekki reyndist unnt að framkvæma gagnasöfnun þessara tveggja aðila samhliða, auk þess sem aðferðirnar eru að einhverju leyti frábrugðnar er ekki hægt að sinni að leggja mat á samanburðarhæfni gagnanna fyrir 1. ársfjórðung 2009 við eldri tölur.

Mynd 2. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 2. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Preliminary figures 2007–2009.

Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum

Þrátt fyrir að áfram sé afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum á 1. ársfjórðungi veldur aukinn innflutningur á þjónustu því að landsframleiðsla (árstíðaleiðrétt) á 1. ársfjórðungi er talin dragast saman um 3,6% samanborið við 3,3% samdrátt þjóðarútgjalda.

Mynd 3. Hlutdeild í hagvexti, prósentustig

Figure 3. Contributions to growth, % points



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Preliminary figures 2007–2009.

Birgðabreytingar


Á 1. ársfjórðungi varð útflutningur sjávarafurða að heita má sá sami að magni og verið hafði á 1. fjórðungi fyrra árs. Aftur á móti óx aflinn um sem næst 14% og er því talið að birgðir sjávarafurða hafi aukist umtalsvert. Birgðir fullunnins áls eru einnig taldar hafa aukist nokkuð en á móti benda áætlanir til lækkunar á birgðum rekstrarvara. Að öllu samanlögðu eru birgðir því taldar hafa aukist um tæpa 7,2 milljarða króna á 1. ársfjórðungi.

Alþjóðlegur samanburður

Á Íslandi, Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu í heild og Bandaríkjunum dróst landsframleiðslan saman á fyrsta ársfjórðungi 2009. Þó varð samdrátturinn meiri m.a. í Þýskalandi (3,8%) og Japan (4%) en hér á landi.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Preliminary figures 2007–2009.

Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Keðjutenging

Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005 en í því felst að raunbreytingar þjóðhagsstærða eru reiknaðar á föstu verði næstliðins árs. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur eldri aðferðar er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirlíði.

FISIM (reiknuð bankaþjónusta)

Í þjóðhagsreikningum er þjónusta bankakerfisins (FISIM) metin á tiltölulega flókinn hátt. Þessum aðferðum er meðal annars lýst í Hagtíðindum um landsframleiðsluna frá því í mars 2006. Ekki eru enn tiltæk mikilvæg gögn um lánastofn innlána og útlána fyrir 4. ársfjórðung 2008 og 1. ársfjórðung 2009 og því byggt á lauslegum áætlunum. Líklegt er að mat á bankaþjónustu geti tekið talsverðum breytingum þegar tölur um lánastofninn liggja fyrir.

Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og

þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Árstíðaleiðrétting Árstíðaleiðréttingar eru gerðar í samræmi við ráðleggingar vinnuhóps á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins. Árstíðaleiðrétting summuliða (eins og þjóðarútgjalda og landsframleiðslu) er gerð með því að tengja saman árstíðaleiðréttu undirlíði en ekki með því að leiðréttu viðkomandi heildarniðurstöður. Birtar eru á vefnum árstíðaleiðréttar tölur fyrir alla undirlíði landsframleiðslunnar.

Tölur um 2. ársfjórðung 2009 verða birtar í september 2009

Tölur um landsframleiðsluna á 2. ársfjórðungi 2009 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 4. september 2009.

English summary

In real terms, seasonally adjusted GDP in the 1st quarter of 2009 decreased by 3.6% from the previous quarter. Over the same period total domestic expenditure decreased by 3.3% in real terms. Household final consumption increased by 1.7% while gross fixed capital formation decreased by 31.3% and government final consumption by 2.2%. Exports fell by 1.9% while imports rose by 7.8% in the 1st quarter of 2009 as compared with the 4th quarter 2008.

Gross fixed capital formation decreased by 31.3% in the 1st quarter from the previous quarter, led by a 35.5% reduction in business sector investment. Residential construction fell by 25.7% and government services investment fell by 25.1%.

National accounts for the 2nd quarter of 2009 will be published on the 4th of September 2009.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2005–2009*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2005–2009*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Government final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|--|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Verðlag hvers árs, millj. króna | | | | | | | | |
| <i>Million ISK at current prices</i> | | | | | | | | |
| 2005 | 610.638 | 252.617 | 291.265 | -862 | 1.153.657 | 323.924 | -451.300 | 1.026.281 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 139.625 | 60.953 | 59.707 | 4.068 | 264.352 | 72.540 | -95.460 | 241.432 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 156.205 | 63.073 | 68.396 | -4.904 | 282.769 | 88.181 | -116.062 | 254.889 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 152.902 | 64.403 | 82.345 | 2.093 | 301.742 | 87.844 | -122.337 | 267.250 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 161.906 | 64.188 | 80.818 | -2.119 | 304.793 | 75.359 | -117.442 | 262.711 |
| 2006 | 682.251 | 285.371 | 397.634 | 13.498 | 1.378.754 | 374.056 | -584.622 | 1.168.188 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 160.869 | 68.829 | 87.005 | 3.686 | 320.389 | 77.906 | -124.039 | 274.256 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 176.191 | 71.325 | 96.253 | 792 | 344.560 | 102.604 | -157.082 | 290.081 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 168.329 | 72.102 | 101.737 | 6.765 | 348.933 | 103.650 | -151.612 | 300.971 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 176.863 | 73.114 | 112.639 | 2.255 | 364.871 | 89.897 | -151.889 | 302.880 |
| 2007¹ | 754.587 | 316.829 | 364.501 | 6.626 | 1.442.543 | 449.718 | -590.851 | 1.301.410 |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 170.539 | 77.398 | 80.697 | 1.546 | 330.180 | 109.376 | -133.970 | 305.586 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | 191.837 | 79.308 | 95.477 | 1.100 | 367.723 | 106.154 | -148.994 | 324.883 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | 189.971 | 79.432 | 102.596 | 4.089 | 376.088 | 105.939 | -145.782 | 336.244 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | 202.240 | 80.690 | 85.731 | -109 | 368.551 | 128.249 | -162.105 | 334.695 |
| 2008¹ | 793.849 | 360.025 | 350.438 | 3.255 | 1.507.567 | 655.053 | -697.555 | 1.465.065 |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 198.449 | 84.065 | 79.578 | 798 | 362.890 | 112.580 | -150.291 | 325.178 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | 209.679 | 88.187 | 83.895 | -6.749 | 375.012 | 173.125 | -187.038 | 361.099 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | 200.198 | 91.387 | 96.096 | 14.860 | 402.542 | 174.532 | -197.596 | 379.479 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | 185.523 | 96.386 | 90.869 | -5.654 | 367.124 | 194.815 | -162.630 | 399.309 |
| 2009¹ | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 184.924 | 96.169 | 50.069 | 7.173 | 338.335 | 156.302 | -145.887 | 348.750 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009

Table 3. Annual GDP volume growth 2005–2009

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Government final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|--|---|--|---|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i> | | | | | | | | |
| 2005 | 12,9 | 3,5 | 35,7 | 0,0 | 15,8 | 7,0 | 29,3 | 7,3 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 9,8 | 2,8 | 24,7 | 0,4 | 11,3 | 1,7 | 24,1 | 3,7 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 15,6 | 3,7 | 26,2 | -1,8 | 13,5 | 21,6 | 27,4 | 10,4 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 14,2 | 3,3 | 49,0 | 2,4 | 22,3 | 3,3 | 34,3 | 10,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 12,0 | 4,4 | 40,6 | -1,0 | 15,8 | 2,5 | 30,4 | 5,6 |
| 2006 | 3,9 | 4,0 | 21,7 | 1,1 | 9,4 | -4,9 | 10,4 | 4,5 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 11,4 | 4,2 | 41,4 | -0,2 | 16,1 | 0,6 | 26,4 | 7,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,7 | 2,8 | 25,9 | 2,2 | 11,7 | -6,6 | 12,5 | 4,9 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,3 | 4,2 | 7,5 | 1,0 | 3,9 | -6,2 | 0,2 | 2,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | -0,0 | 4,7 | 18,3 | 1,4 | 7,0 | -6,7 | 6,0 | 3,8 |
| 2007² | 5,6 | 4,2 | -12,8 | -0,6 | -0,6 | 17,7 | -1,0 | 5,5 |
| 1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i> | -1,4 | 4,2 | -18,3 | -0,9 | -5,9 | 15,5 | -8,7 | 2,1 |
| 2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i> | 4,7 | 4,6 | -3,3 | 0,1 | 2,3 | 6,3 | -0,8 | 5,3 |
| 3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i> | 9,4 | 3,6 | -1,0 | -0,7 | 4,7 | 5,7 | 0,9 | 7,2 |
| 4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i> | 9,7 | 4,4 | -27,1 | -1,0 | -3,4 | 46,6 | 4,1 | 7,2 |
| 2008² | -7,7 | 2,8 | -21,8 | -0,4 | -9,3 | 7,1 | -18,0 | 0,3 |
| 1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i> | 8,3 | 2,8 | -7,6 | -0,3 | 3,0 | -0,8 | -0,7 | 3,2 |
| 2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i> | -3,9 | 3,1 | -27,2 | -1,9 | -10,2 | 24,0 | -10,1 | 1,2 |
| 3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i> | -9,3 | 1,6 | -25,5 | 1,6 | -10,1 | 17,6 | -10,2 | -1,2 |
| 4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i> | -23,8 | 3,6 | -24,8 | -1,0 | -18,8 | -9,2 | -47,1 | -1,5 |
| 2009² | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i> | -22,1 | 0,6 | -52,4 | 2,4 | -22,1 | 10,9 | -34,2 | -3,9 |

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2005–2009, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2005–2009*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Government final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i> | | | | | | | |
| 2005 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 3,0 | 2,8 | 9,0 | 5,8 | -2,2 | 7,9 | 2,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 5,0 | 1,7 | 8,6 | 1,6 | 10,1 | 9,1 | 1,1 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 2,2 | 0,4 | 15,6 | 7,9 | -3,7 | 6,8 | 4,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,5 | -0,4 | 3,0 | 0,1 | -1,1 | 3,4 | -2,0 |
| 2006 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 2,2 | 2,4 | 8,0 | 5,6 | -4,3 | 3,6 | 3,7 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | -1,7 | 0,4 | -2,1 | -2,3 | 1,2 | -1,4 | -1,7 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | -1,4 | 1,9 | -1,5 | 0,6 | -1,8 | -5,0 | 2,5 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,1 | -0,0 | 13,8 | 3,2 | -1,2 | 9,2 | -0,6 |
| 2007¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 1,0 | 1,8 | -24,3 | -6,7 | 16,2 | -10,2 | 2,1 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | 3,8 | 0,8 | 14,1 | 5,6 | -6,4 | 6,5 | 0,8 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | 3,4 | 1,1 | 0,3 | 3,1 | 0,1 | -3,2 | 5,1 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | 1,2 | 0,6 | -16,1 | -5,0 | 32,1 | 12,4 | -1,0 |
| 2008¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | -0,3 | 0,3 | -3,1 | -0,4 | -19,6 | -14,3 | -1,6 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | -8,3 | 1,1 | -10,3 | -8,2 | 17,0 | -3,9 | -1,6 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | -1,9 | -0,3 | -0,1 | 3,3 | -4,5 | -3,3 | 2,9 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | -15,0 | 2,4 | -13,6 | -14,0 | 1,5 | -32,9 | -0,9 |
| 2009¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 1,7 | -2,2 | -31,3 | -3,3 | -1,9 | 7,8 | -3,6 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2005–2009
 Table 5. Contributions to growth 2005–2009

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Government final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar <i>Changes in Inventor¹ Birgða-</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, % % points contributions to growth in GDP from previous quarter | | | | | | | |
| 2005 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 2,0 | 1,0 | 2,0 | 1,6 | -1,2 | -3,3 | 2,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 2,9 | 0,4 | 2,3 | -3,9 | 3,3 | -4,0 | 1,1 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,3 | 0,1 | 4,4 | 3,0 | -1,3 | -3,2 | 4,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,9 | -0,1 | 0,9 | -1,7 | -0,4 | -1,7 | -2,0 |
| 2006 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 0,8 | 1,0 | 1,0 | 2,2 | -3,7 | 2,4 | 3,7 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | -1,0 | 0,1 | -0,7 | -1,1 | 0,4 | 0,7 | -1,7 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | -0,8 | 0,5 | -0,5 | 1,5 | -0,5 | 2,4 | 2,5 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,6 | -0,0 | 4,3 | -1,2 | -0,4 | -4,0 | -0,6 |
| 2007¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | -0,2 | 0,4 | -7,9 | -0,1 | 8,3 | 1,6 | 2,1 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | 2,1 | 0,2 | 3,9 | -0,1 | -2,3 | -3,0 | 0,8 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | 2,0 | 0,3 | 0,1 | 1,2 | 0,0 | 1,6 | 5,1 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | 0,7 | 0,1 | -4,7 | -1,7 | 10,2 | -5,5 | -1,0 |
| 2008¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | -0,6 | 0,3 | -0,9 | 0,4 | -9,3 | 8,6 | -1,6 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | -4,9 | 0,3 | -2,5 | -1,7 | 5,7 | 1,7 | -1,6 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | -1,1 | -0,1 | -0,0 | 4,5 | -1,8 | 1,3 | 2,9 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | -7,9 | 0,6 | -2,9 | -3,9 | 0,5 | 12,8 | -0,9 |
| 2009¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 1,4 | -0,9 | -4,7 | 3,4 | 7,1 | -10,0 | -3,6 |

Skýring Note: Míðað er við árstíðaleiðrétta tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009, árstíðaleiðréttTable 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2005–2009*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Government final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|--|---|--|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i> | | | | | | | |
| 2005 | 12,9 | 3,5 | 35,7 | 15,8 | 7,0 | 29,3 | 7,3 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 9,8 | 2,7 | 23,9 | 11,3 | 2,0 | 22,3 | 4,0 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 14,9 | 3,6 | 26,2 | 13,2 | 20,8 | 28,4 | 9,5 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 14,7 | 3,3 | 51,1 | 22,7 | 4,0 | 35,9 | 10,8 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 12,2 | 4,5 | 40,9 | 16,0 | 2,7 | 30,0 | 5,6 |
| 2006 | 3,9 | 4,0 | 21,7 | 9,4 | -4,9 | 10,4 | 4,5 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 11,3 | 4,2 | 39,6 | 15,8 | 0,4 | 24,9 | 7,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,1 | 2,8 | 25,8 | 11,4 | -7,7 | 12,8 | 4,3 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,5 | 4,3 | 7,2 | 3,9 | -5,9 | 0,3 | 2,6 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,1 | 4,7 | 18,5 | 7,2 | -6,0 | 5,9 | 3,9 |
| 2007¹ | 5,6 | 4,2 | -12,8 | -0,6 | 17,7 | -1,0 | 5,5 |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | -1,0 | 4,1 | -17,0 | -5,4 | 14,1 | -8,3 | 2,3 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | 4,5 | 4,6 | -3,2 | 2,2 | 5,6 | -0,9 | 4,9 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | 9,5 | 3,7 | -1,5 | 4,7 | 7,6 | 1,0 | 7,6 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | 9,6 | 4,4 | -27,4 | -3,6 | 43,9 | 4,0 | 7,2 |
| 2008¹ | -7,7 | 2,8 | -21,8 | -9,3 | 7,1 | -18,0 | 0,3 |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | 8,1 | 2,8 | -7,0 | 2,9 | -0,4 | -0,7 | 3,3 |
| 2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i> | -4,4 | 3,1 | -26,9 | -10,5 | 24,4 | -10,4 | 0,8 |
| 3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i> | -9,3 | 1,7 | -27,1 | -10,3 | 18,8 | -10,4 | -1,3 |
| 4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i> | -23,8 | 3,5 | -25,0 | -18,8 | -8,8 | -46,6 | -1,3 |
| 2009¹ | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i> | -22,3 | 1,0 | -46,8 | -21,2 | 11,3 | -32,8 | -3,3 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

94. árg. • 38. tbl. 2009:6

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (vefútgáfa *PDF*)

Verð ISK 900 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Benedikt Hálfðanarson • benedikt.halfdanarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series